

TÍTUSARBRÉF

1

2

3

KAFLA 1

Frá Páli, þjóni Guðs, en postula Jesú Krists til að efla trú Guðs útvöldu og þekkingu á sannleikanum, sem leiðir til guðhræðslu

² í von um eilíft líf. Því hefur Guð, sá er ekki lýgur, heitið frá eilífum tíðum,

³ en opinberað á settum tíma. Þetta orð hans var mér trúað fyrir að prédika eftir skipun Guðs, frelsara vors.

⁴ Til Títusar, skilgetins sonar míns í sameiginlegri trú. Náð og friður frá Guði föður og Kristi Jesú, frelsara vorum.

⁵ Ég lét þig eftir á Krít, til þess að þú færðir í lag það, sem ógjört var, og skipaðir öldunga í hverri borg, svo sem ég lagði fyrir þig.

⁶ Öldungur á að vera óaðfinnanlegur, einkvæntur, á að eiga trúuð börn, sem eigi eru sökuð um gjálfi eða óhlýðni.

⁷ Því að biskup á að vera óaðfinnanlegur, þar sem hann er ráðsmaður Guðs. Hann á ekki að vera sjálfbirgingur, ekki bráður, ekki drykkfelldur, ekki ofsafenginn, ekki sólginn í ljótan gróða.

⁸ Hann sé gestrisinn, góðgjarn, hóglátur, réttlátur, heilagur og hafi stjórn á sjálfum sér.

⁹ Hann á að vera maður fastheldinn við hið áreiðanlega orð, sem samkvæmt er kenningunni, til þess að hann sé fær um bæði að áminna með hinni heilnæmu kenningu og hrekja þá, sem móti mæla.

¹⁰ Því að margir eru þverbrotnir og fara með hégómamál og leiða í villu, allra helst eru það þeir sem halda fram umskurn,

¹¹ og verður að þagga niður í þeim. Það eru mennirnir, sem kollvarpa heilum heimilum, er þeir kenna það, sem eigi á að kenna, fyrir svívirðilegs gróða sakir.

¹² Einhver af þeim, eigin spámaður þeirra, hefur svo að orði komist: "Kritarmenn eru síljúgandi, óargadýr og letimagar."

¹³ Þessi vitnisburður er sannur. Fyrir þá sök skalt þú vanda harðlega um við þá, til þess að þeir verði heilbrigðir í trúnni,

¹⁴ og gefi sig ekki að gyðingaævintýrum og boðum manna, sem fráhverfir eru sannleikanum.

¹⁵ Allir hlutir eru hreinum hreinir, en flekkuðum og vantrúuðum er ekkert hreint, heldur er bæði hugur þeirra flekkaður og samviska.

¹⁶ Þeir segjast þekkja Guð, en afneita honum með verkum sínum. Þeir eru viðbjóðslegir og óhlýðnir, óhæfir til hvers góðs verks.

KAFLA 2

En tala þú það, sem sæmir hinni heilnæmu kenningu.

² Aldraðir menn skulu vera bindindissamir, heiðvirðir, hóglátir, heilbrigðir í trúnni, kærleikanum og þolgæðinu.

³ Svo eiga og aldraðar konur að vera í háttalagi sínu eins og heilögum sæmir. Þær skulu ekki vera rógberar og ekki heldur í ánauð ofdrykkjunnar, heldur kenni þær gott frá sér,

⁴ til þess að þær laði hinar ungu til að elska menn sína og börn,

⁵ vera hóglátar, skírlífar, heimilisræknar, góðlátar og eiginmönnum sínum undirgefnar, til þess að orði Guðs verði ekki lastmælt.

⁶ Svo skalt þú og áminna hina yngri menn að vera hóglátir.

⁷ Sýn þig sjálfan í öllum greinum sem fyrirmynd í góðum verkum. Vertu grandvar í fræðslu þinni og heilhuga, svo hún verði

⁸ heilnæm og óaðfinnanleg og andstæðingurinn fyrirverði sig, þegar hann hefur ekkert illt um oss að segja.

⁹ Áminn þræla, að þeir séu undirgefnir húsbændum sínum og í öllu geðþekkir, ekki svörulir,

¹⁰ ekki hnupsamir, heldur skulu þeir auðsýna hvers konar góða trúmennsku, til þess að þeir prýði kenningu Guðs frelsara vors í öllum greinum.

¹¹ Því að náð Guðs hefur opinberast til sáluhjálpar öllum mönnum.

¹² Hún kennir oss að afneita óguðleik og veraldlegum girndum og lifa hóglátlega, réttvíslega og guðrækilega í heimi þessum,

¹³ í eftirvæntingu vorrar sælu vonar, að hinn mikli Guð og frelsari vor Jesús Kristur opinberist í dýrð sinni.

¹⁴ Hann gaf sjálfan sig fyrir oss, til þess að hann leysti oss frá öllu ranglæti og hreinsaði sjálfum sér til handa eignarlýð, kostgæfinn til góðra verka.

¹⁵ Tala þú þetta og áminn og vanda um með allri röggsemi. Lát engan lítilsvirða þig.

KAFLA 3

Minn þá á að vera undirgefnir höfðingjum og yfirvöldum, hlýðnir og reiðubúnir til sérhvers góðs verks,

² lastmæla engum, vera ódeilugjarnir, sanngjarnir og sýna hvers konar hógværð við alla menn.

³ Því að þeir voru tímarnir, að vér vorum einnig óskynsamir, óhlýðnir, villuráfandi, í ánauð hvers konar fýsna og lostasemda. Vér ólum aldur vorn í illsku og öfund, vorum andstyggilegir, hötuðum hver annan.

⁴ En er gæska Guðs frelsara vors birtist og elska hans til mannanna,

⁵ þá frelsaði hann oss, ekki vegna réttlætisverkanna, sem vér höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni í þeirri laug, þar sem vér endurfæðumst og heilagur andi gjörir oss nýja.

⁶ Hann úthellti anda sínum yfir oss ríkulega fyrir Jesú Krist, frelsara vorn,

⁷ til þess að vér, réttlættir fyrir náð hans, yrðum í voninni erfingjar eilífs lífs.

⁸ Það orð er satt, og á þetta vil ég að þú leggir alla áherslu, til þess að þeir, sem fest hafa trú á Guð, láti sér umhugað um að stunda góð verk. Þetta er gott og mönnum nytSAMlegt.

⁹ En forðast þú heimskulegar þrætur og ættartölur, deilur og lögmálsstælar. Þær eru

gagnslausar og til einskis.

¹⁰ Þrætumanni skalt þú sneiða hjá, er þú hefur einu sinni og tvisvar áminnt hann.

¹¹ Þú veist að slíkur maður er rangsnúinn og syndugur. Hann er sjálfðæmdur.

¹² Þegar ég sendi Artemas til þín eða Týkíkus, kom þá sem fyrst til mín í Nikópólís, því þar hef ég ásett mér að hafa vetrarvist.

¹³ Greið sem best för þeirra Senasar lögvitrings og Apollóss, til þess að þá bresti ekkert.

¹⁴ En vorir menn eiga og að læra að stunda góð verk til nauðsynjaparfa, til þess að þeir séu ekki ávaxtalausir.

¹⁵ Allir, sem hjá mér eru, senda þér kveðju. Heilsa þeim, sem oss elska í trú. Náð sé með yður öllum.

For other languages please go to **www.wordproject.org**